

**Ed.**

**550. Breytingartillögur**

[199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 26. febrúar 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Við fylgiskjal.

1. Við 2. reglu. Í stað orðanna „sem veldur“ í b-lið komi: sem kann að valda.
2. Við 6. reglu.
  - a. Í stað orðanna „Skip með gangfæra ratsjá“ í b-lið komi: Skip, sem nota ratsjá.
  - b. Í stað orðanna „fjarlægðarstillingar, myndgæða og takmarkana ratsjár“ í 1. tölul. b-liðar komi: sérstakra eiginleika, myndgæða og takmarkana ratsjárinnar.
3. Við 8. reglu. Í stað orðanna „stefnu og hraða“ í b-lið komi: stefnu og/eða hraða.
4. Við 9. reglu. Í stað orðanna „siglir þröngt sund eða ál“ í a-lið komi: siglir um þröngt sund eða ál.
5. Við 10. reglu. Í stað orðanna „sem afmarka umferðarleiðir“ í 2. tölul. b-liðar komi: sem aðskilja umferðarleiðir.
6. Við 12. reglu.
  - a. Í stað orðanna „skulu þau víkja hvort fyrir öðru“ í a-lið komi: skal annað þeirra víkja fyrir hinu.
  - b. Í stað orðanna „sem áveðurs siglir“ í 2. tölul. a-liðar komi: sem til kulborða siglir.
  - c. Í stað orðsins „áveðurs“ í b-lið komi: kulborði.
7. Við 19. reglu.
  - a. Í stað orðanna „komast hjá“ í d-lið komi: forðast.
  - b. 1. másl. e-liðar orðist svo: Þegar þokumerki heyrst frá skipi sem virðist vera framan við þvert, eða óumflýjanlegt er að nálgast um of annað skip sem er framan við þvert, skal draga úr ferð og sett á minnstu stjórnferð.
8. Í stað orðsins „siglingaljós“ í b- og e-liðum 20. reglu, og í fyrirsögnum 22. reglu og 2. og 7. tölul. I. viðauka komi: ljós.